



D Ó M U R

12. febrúar 2010

Mál nr. E-7206/2009:

Stefnandi: Lýsing hf.

(Sigurmar Kristján Albertsson hrl.)

Stefndu: Jóhann Rafn Heiðarsson

(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)

Trausti Snær Friðriksson

Dómari: Áslaug Björgvinsdóttir, settur héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 2010 máli nr. E-7206/2009:

Lýsing hf.

(Sigurmar Kristján Albertsson hrl.)

gegn

Jóhanni Rafni Heiðarssyni

(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)

Trausta Snæ Friðrikssyni

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu þann 15. maí 2009 af Lýsingu hf., kt. [...], Ármúla 3, Reykjavík, á hendur Jóhanni Rafni Heiðarssyni, kt. [...], Keilusiðu 4f, Akureyri og Trausta Snæ Friðrikssyni, kt. [...], Grenivöllum 24, Akureyri, til greiðslu skuldar samkvæmt kaupleigusamningi um bifreiðina TI453.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð 466.462 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. febrúar 2009 til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts af málflytningsspóknun.

Stefndi, Jóhann Rafn Heiðarsson, krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins, auk virðisaukaskatts.

Málið var þingfest 9. júní 2009 og stefndu fengu frest til að leggja fram greinargerð. Eftir ítrekaða fresti var málið tekið fyrir 29. september s.á. Þá skilaði stefndi Jóhann Rafn greinargerð en stefndi, Trausti Snær, fékk enn frest til 1. október 2009 til að skila greinargerð. Þegar málið var tekið fyrir þann dag féll þingsókn niður af hálfu stefnda Trausta og málinu var frestað um óákveðinn tíma. Undirritaður dómari tók málið fyrir 25. nóvember s.á. Þá féll niður þingsókn af hálfu stefnda, Jóhanns Rafns, en í greinargerð hans kemur fram að hann hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að gæta hagsmuna sinna umfram það sem þegar hafi verið gert gagnvart lögsókn fjármálafyrirtækisins. Stefnanda var gefinn kostur á að svara vörnum stefnda í skriflegri sókn sem hann lagði fram næst þegar málið var tekið fyrir þann 17. desember s.á. og var málið tekið til dóms samkvæmt 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

I

Samkvæmt stefnu eru atvik málsins þau að þann 8. maí 2006 gerði stefndi, Jóhann Rafn, samning við stefnanda, þar sem hann tók á leigu bifreiðina DI684 sem er af gerðinni Galloper árgerð 2000. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldbindingum stefnda, Jóhanns Rafns, tókst meðstefndi, Trausti Snær Friðriksson, á hendur óskipta sjálfsskuldarábyrgð á efndum hans samkvæmt samningnum.

Stefnandi segir framkvæmd viðskiptanna hafa verið með þeim hætti að stefnandi hafi keypt umrædda bifreið af fyrrverandi eiganda hennar og leigt bifreiðina á þann hátt að kaupverð bifreiðarinnar, 650.000 krónur að viðbættu s.k. stofngjaldi að fjárhæð 17.550 krónur en að frádreginni innborgun 65.000 krónur, hafi myndað höfuðstól leigusamningsins eða svokallað samningsverð, 605.550 krónur. Samningurinn hafi verið s.k. kaupleigusamningur en í því felist að stefnda hafi borið að endurgreiða stefnanda samningsverðið með mánaðarlegum leigugreiðslum á leigutímabilinu sem standa skyldi frá 5. maí 2006 til 5. maí 2010. Stefndi hafi átti að eignast bifreiðina í lok leigutímans. Samkvæmt II. kafla samningsins skyldi gjalddagi leigu vera 5. hvers mánaðar og leigan innheimtast eftir á.

Mánaðarlegt viðmið leigugreiðslu hafi verið ákveðið 15.162 krónur en endanleg leigufjárhæð í hverjum mánuði skyldi ráðast af gengi myntkölfu þar sem USD skyldi hafa 15% vægi, JPY 10%, EUR 20%, CHF 5% og ÍSK 50% vægi. Virkni myntkörfunnar hafi verið með þeim hætti að leigufjárhæðin í íslenskum krónum hafi á fyrsta samningsdegi verið umreiknuð í hinar erlendu myntir í ofangreindum hlutföllum, sem síðar hafi verið umreiknaðar að nýju í íslenskar krónur á hverjum gjalddaga samningsins, og höfuðstóll leigugreiðslunnar reiknast með sama hætti. Þá skyldi einnig við ákvörðun fjárhæðar leigugreiðslu taka tillit til umsaminna vaxta, sem í þessu tilfelli hafi verið LIBOR vextir á gjalddaga leigugreiðslunnar af myntum þeim sem hafi myndað myntkörfuna.

Stefnandi segir að stefndi hafi ekki staðið í skilum með greiðslur samkvæmt samningnum. Vanefndirnar hafi orðið til þess að stefnandi hafi nýtt sér heimild 21. gr. samnings aðila og rift leigusamningi sínum við stefnda og krafist þess að bifreiðinni yrði skilað til stefnanda. Bifreiðinni hafi verið skilað til stefnanda þann 14. október 2008.

Í kjölfar riftunarinnar hafi stefnda borið samkvæmt 23. gr. samnings aðila að standa stefnanda skil á þeim leigugreiðslum sem fallið höfðu í gjalddaga fram til riftunar auk áfallinna dráttarvaxta. Jafnframt hafi stefnda borið samkvæmt umræddri grein að standa skil á ógjaldföllum leigugreiðslum fyrir þann tíma sem eftir hafi verið af samningstímanum, auk sérstaks uppgjörsgjalds. Skyldi í því sambandi reikna höfuðstól leigugreiðslanna á þann hátt sem segir í 4. gr. samnings aðila miðað við riftunardagsetningu og margfalda þá tölu með fjölda þeirra afborgana sem þá eftir voru af samningi aðila, án þess að tekið væri tillit til þeirra samningsvaxta sem ella hefðu átt að koma til greiðslu á hinum ógjaldföllum gjalddögum. Krafa stefnanda hafi þann 9. febrúar 2009 hafi numið 466.462 krónum. Nánar tiltekið sundurliðar stefnandi kröfunnar þannig:

Gjaldfallin leiga, áfallnir vextir og kostnaður frá 05.07.08	kr.	95.577
Bifreiðagjald	kr.	11.658
Kostn. Frumherja v/skráningar og umsýslu	kr.	3.000
Kostn. vegna skoðunar og kostnaðarmats	kr.	10.480
Eftirstöðvar skv. samningi voru	kr.	345.807
Ráðstöfun á matsverði frádregið	kr.	-15.000
Umsjónargjald skv. 22. gr. samningsins	<u>kr.</u>	<u>14.940</u>
Samtals	kr.	466.462

Samtals sé skuld stefnda því 466.462 krónur sem sé stefnufjárhæð máls þessa. Stefnda hafi verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við söluverðmatið og jafnframt tilkynnt að fjárhæðin yrði færð inn sem greiðsla á skuld hans en engar athugasemdir hafa borist frá stefnda. Þrátt fyrir áskoranir stefnanda hafi stefndi ekki greitt umrædda fjárhæð og því hafi stefnanda verið nauðsynlegt að höfða mál þetta til heimtu skuldarinnar.

Af hálfu stefnanda er byggt á þeirri meginreglu íslensks samninga- og kröfuréttar að samninga beri að efna. Stefndi, Jóhann Rafn, hafi samning við stefnanda þar sem hann hafi skuldbundið sig til þess að leigja bifreiðina DI-684 af stefnanda með þeim skilmálum sem í samningnum greinir, þ.á m. varðandi það undir hvaða kringumstæðum stefnanda væri heimilt að rifta samningi sínum við stefnda, sem og það hvernig uppgjör leigusamningsins skyldi fara fram í kjölfar slíkrar riftunar. Í

Þessu sambandi er á því byggt að með því að stefndi hafi ekki sinnt samningsskyldum sínum og ekki greitt umsamið leigugjald hafi stefnanda verið heimilt á grundvelli 21. gr. samnings aðila að lýsa yfir riftun samningsins og krefja stefnda um greiðslu þeirra fjárhæða sem mælt er fyrir um í 23. gr. samnings aðila, eins og gert sé í þessu máli.

Hvað snertir meðstefnda, Trausta Snæ, segir stefnandi dómkröfur stefnanda á hendur honum einnig byggðar á meginreglu íslensks samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða. Stefndi, Trausti Snær, hafi lofað að takast á hendur óskipta ábyrgð á efnendum stefnda, Jóhanns Rafns, á samningi hans við stefnanda. Þar sem stefndi, Jóhann Rafn, hafi vanefnt umræddan samning sé ljóst að stefnanda sé einnig heimilt að beina kröfum sínum um efnidir samningsins að honum í máli þessu.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu íslensks samninga- og kröfuréttar að samninga beri að efna. Jafnframt sé dráttarvaxtakrafa stefnanda studd við ákvæði III. kafla laga nr. 30/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa stefnanda um málskostnað er byggð á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum ákvæðum 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefndu.

II

Í greinargerð stefnda, Jóhanns Rafns, kemur fram að hann sjái ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við málsatvikalýsingu stefnanda. Þó bendir hann á að kostnaðarliðir séu órökstuddir og of háir. Þar megi nefna að bifreiðin hafi aldrei farið á verkstæði þrátt fyrir að krafið sé um kostnað vegna verkstæðiskostnaðar.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því að lánasamningurinn sem standi að baki kröfu stefnanda sé ólögætur í skilningi laga nr. 38/2001. Því séu í raun engum lagaskilyrðum til að dreifa sem réttlæti kröfu stefnanda. Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001 segi að heimilt sé að verðtryggja sparifé og lánsfé samkvæmt 13. gr. laganna, ef grundvöllur verðtryggingarinnar sé vísitala neysliverðs sem Hagstofa Íslands reikni samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda, og birti mánaðarlega í Lögbirtingarblaði. Þá segi í frumvarpi til laga nr. 38/2001 í athugasemdum um 13. og 14. gr. að samkvæmt téðum greinum verði ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Þá segi jafnframt í athugasemdum við frumvarpið að rétt sé að taka af allan vafa þar að lútandi að ekki sé heimilt að binda lánsfé í íslenskum krónum við annað en vísitölu neysliverðs, sbr. þó þröngar undantekningar í 14. gr. laga nr. 38/2001.

Samningur aðila heitir kaupleigusamningur en sé hvorki leigusamningur né kaupsamningur. Eðli samningsins sé að stefnandi lánar stefnda kaupverð bíls sem stefnandi eigi að greiða til baka með vöxtum. Standi hann skil á allri lánsfjárhæðinni og öðrum greiðslum fái hann afhent afsal, sbr. 8. gr. samningsins.

Þannig sé ljóst að um lánsamning sé að ræða. Óskýr og villandi ákvæði staðlaðra samninga eins og þessa beri að túlka þeim sem hafi samið þá, stefnanda, í óhag.

Lánið sem stefndi hafi tekið hjá stefnanda sé samkvæmt 4. gr. samningsins í íslenskum krónum. Þá segi í sömu grein að samningurinn sé gengistryggður og allar fjárhæðir bundnar erlendum og innlendum myntum í nánar tilgreindum hlutföllum og að þær taki mið af þeim á hverjum tíma. Orðrétt segi í 4. gr. undir fyrirsögninni vextir, verðtrygging og annað: *Samningur þessi er gengistryggður og eru allar fjárhæðir bundnar erlendum/innlendum myntum í eftirfarandi myntum í eftirfarandi hlutföllum og taka mið af þeim á hverjum tíma: USD 15%, JPY 10%, EUR 20%, CHF 5%, ISK 50%. Gengi/vísitala gjaldmiðla miðast við útborgunardag samnings. Leigugjald tekur breytingum á gengi og vöxtum skv. 7. gr. samnings þessa.*

Í 7. gr. samningsins sé svo nánar kveðið á um hvað felist í gengistryggingu. Þar segi að stefnanda sé heimilt að endurreikna lánsfjárhæðina samkvæmt breytingum sem verði á LIBOR vöxtum þess erlenda eða þeirra erlendu gjaldmiðla sem leigan sé greidd í og að leiga sú sem sé gengistryggð miðað við breytingar erlendis og eða erlendra gjaldmiðla gagnvart ÍSK, sé greind í íslenskum krónum.

Þetta kveðst stefndi telja ólögmætt samkvæmt lögum nr. 38/2001 og samningurinn því frá upphafi ógildur í heild. Stefnandi hafi einhliða sett upp alla skilmála án þess að stefndi hafi nokkurn möguleika á því að koma að athugasemdum eða mótmælum. Stefnandi sé fjármálafyrirtæki, sem starfi samkvæmt opinberu starfsleyfi, og búi yfir sérfræðipokkingu sviði lánastarfsemi. Stefnanda hafi því verið í lófa lagið að gæta að því að ekki væri brotið á rétti stefnda með ólögmætum samningsákvæðum eða samningsskilmálum sem væru ósanngjarnir og verulega íþyngjandi fyrir hann. Stefndi hafi mátt treysta því að samningurinn væri lögmætur og að áhættan væri ekki þess eðlis að hún væri tengd ólögmætum samningsskilmálum.

Stefnanda hafi mátt vera það ljóst frá upphafi að umrædd gengistrygging væri ólögmæt og verði því að bera hallan af því að það komi í ljós. Stefnandi virðist þess utan hafa boðið upp á þrenns konar kosti varðandi verðtryggingu, sbr. 7. gr. bílasamningsins en notað gengistryggingu í þessi tilfelli vitandi að það væri sú leið sem væri andstæð ákvæðum laga nr. 38/2001. Hinir tveir kostirnir hafi verið þeir að samningurinn sé óverðtryggður og vextir þá tilgreindir í upphafi í 4. gr. og að hann sé verðtryggður og skuli þá samkvæmt ákvæðum 7. gr. miðað við vísitölu neysluverðs.

Samningsskilmálar bílasamningsins séu settir upp einhliða af stefnanda, sem sé eins og fram hafi komið, fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í lánastarfsemi. Stefndi hafi gengist við þeim skilmálum með undirritun sinni í góðri trú um að skilmálar samningsins væru í samræmi við lög og góða viðskiptahætti. Ljóst sé að óskýra og íþyngjandi skilmála staðlaðra samninga beri að túlka þeim aðila, sem semur þá eða lætur semja þá, í óhag. Samningsstaða aðila hafi verið ójöfn enda um sérhæft fjármögnunarfyrirtæki að ræða og skyldur þess þá enn ríkari en ella að misnota ekki þá aðstöðu sína til þess að ná óeðlilega hagstæðum kjörum fyrir sig gagnvart stefnda.

Stefndi hafi þegar greitt sanngjarnt endurgjald vegna leigu á bifreiðinni og skilað bifreiðinni aftur í því ástandi sem vænta hafi mátt. Stefndi mótmælir þeim útreikningum sem lagðir eru fram um tjón á bifreiðinni og bendir á að stefnandi hafi ekki skorað á hann að bæta úr því sem talið hafi verið að bifreiðinni og gefa honum þar með kost á því að minnka mögulegan kostnað vegna úrbóta. Að því leyti sé kröfugerð stefnanda vanreifuð. Þessum kröfuflið um kostnað vegna meints tjóns á bifreiðinni sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Sá kostnaður sem stefndi sé krafinn um sé að mestu leyti tilkomin vegna gengisbreytinga, sem stefndi telji samkvæmt ofansögðu að séu tilkomnar á ólögmetan hátt og í andstöðu við ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001

Loks bendir stefndi á að allar forsendur sem hafi legið að baki samningsgerðinni í upphafi hafi breyst og valdið því að stefndi sé mun verr settur en hann hafi verið við undirritun samningsins og staða aðila hafi breyst í verulegum mæli frá því að samningurinn hafi verið gerður. Það sé því bersýnilega ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera ákvæði hans fyrir sig vegna atvika sem síðar hafi komið til og hafi valdið því að verulega halli á stefnda hvað þetta varði, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Verði fallist á sýknukröfu stefnda í málinu áskilur stefndi sér rétt til þess að krefja stefnanda um að það endurgjald sem hann hafi þegar greitt honum verði endurgreitt með vöxtum, sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 38/2001, einkum 13. og 14. gr. þeirra. Þá vísar stefndi til laga nr. 7/1936, einkum 36. gr. um heimildir til þess að víkja samningum til hliðar. Varðandi málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 19/1991. Krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988.

Í skriflegri sókn stefnanda segir að stefndi haldi því fram að samningur aðila sé ólögmetur með vísan til laga nr. 38/2001, aðallega með vísan til 13. og 14. gr. laganna. Stefndi telur að hér sé um misskilning að ræða og heldur því fram að lánveitingar með vísan til gengis séu heimilaðar og hafi svo verið til langs tíma. Í dæmaskyni megi nefna eftirtalin lög sem nú séu brottfallin: 1. og 2. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, 37. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála og 21. gr. vaxtalaga nr. 13/1995.

Þá verði lög 38/2001 ekki lesin þannig að alfarið sé lagt bann við því að binda lán við erlenda gjaldmiðla en lögin fjalli einvörðungu um að miða skuli lán í íslenskum krónum við vísitölu svonefnds neysluverðs. Ekkert sé fjallað um lán í erlendri mynt í lögnum og fullyrðing um að í athugasemdum með frumvarpi 1. 38/2001 sé lagt fortakslaust bann við verðtryggingu miðaða við gengi standist ekki. Raunar séu athugasemdirnar ekki í samræmi við lagatextann en þar sé ekki fjallað um gengisviðmið og sé eins og athugasemdirnar séu miðaðar við önnur frumvarpsdrög og gleymst hafi að samræma textavinnu. A.m.k. séu engin ákvæði í lögnum um erlend lán og lagaskilareglur ófullkomnar. Ætla megi að eldra fyrirkomulag um erlend lán sé því í fullu gildi.

Í greinargerð með lögum nr. 38/2001 sé m.a. verið að fjalla um sögulegan aðdraganda laganna hvað varði viðmið við erlent gengi, sbr. athugasemdir með 13. og 14. gr. laganna, en í greinargerðinni sé fjallað um að verið sé að fella niður

tilteknar gengisvísitölur í svonefndum ECU og SDR reiknisreglum og vísað til þess að slíkir samningar séu fátíðir. Raunin sé hins vegar sú að samningar sem breytast í samræmi við gengi séu langt frá fátíðir s.s. samningar tengdir atvinnulífinu t.d. vegna fiskveiða, iðnaðar o.s.frv.

Hugtakið verðtrygging í lögum nr. 38/2001 sé skilgreint þrengra en í eldri lögum. Vísitala neysluverðs sé flókið fyrirbrigði og mæld út frá ýmsum neysluvörum o.fl. eftir aðferðum sem skilgreindar séu í lögum og reglugerðum. Með nokkrum rökum sé hægt að halda því fram að breytingar á gengi gjaldmiðla sé ekki verðvísitala og falli því ekki undir skilgreiningu laga um verðtryggingu. E.t.v. sé ekki svo langsótt að halda því fram að heimilt sé að stofna til skuldbindinga í íslenskum krónum og miða endurgjald við erlenda gjaldmiðla. A.m.k. sé það hvergi bannað í lögum, hvað svo sem athugasemd í greinargerð líði.

Aðstæður séu þó skýrar í þessu máli. Í bílasamningnum komi skýrt fram að verið sé að lána erlent fé með svonefndri myntkörfu þ.e. USD 15%, JPY 10%, EUR 20%, SHF 5% og loks í íslenskum krónum 50%. Í framlögðu yfirliti yfir gjaldeyrismillifærslur komi skýrt fram að stefnandi leggi til erlent fé í samræmi við bílasamninginn, þ.e. hann fái sjálfur lánað til að standa við sinn hluta samningsins. Þá komi fram í framlögðum innheimtuseðlum að stefndi hafi fengið greiðslutilmæli til sín þar sem skýrt komi fram að skuld hans sé í erlendum myntum. Hann eigi því ekki að velkjast í vafa um hvaða myntir hafi legið að baki viðskiptunum. Vissulega séu allar fjárhæðir umreiknaðar í íslenskar krónur enda sé krónan lögeyrir þessa lands, sbr. lög nr. 22/1968 og skipti ekki máli og breyti ekki þeirri staðreynd að viðskipti þau sem mál þetta snúist um voru í erlendri mynt.

Stefnandi vísar einnig til þess að samningar hliðstæðir þessum hafa verið gerðir í þúsundum, ef ekki tugþúsundum, og eftirlitsaðilar s.s. Seðlabanki og Fjármála eftirlit hafi vitað af þessum samningum og ekki gert athugasemdir, sbr. lög nr. 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi og dóm Hæstaréttar í máli nr. 224/1996.

Stefnandi vísar vegna þessa atriðis til þess að hann hafi veitt lán í erlendum gjaldmiðlum og eigi rétt á því að fá greitt til baka í sömu mynt.

Í annan stað vísi stefndi til 36. gr. samningalaga og reglna um brostnar forsendur. Stefndi telji að þær ströngu kröfur sem gerðar séu til þess að um forsendubrot sé að ræða og slíkt eigi að leiða til ógildingar samnings eigi hér við. Líta verður til þess að verðbólga og sveiflur í verðmæti gjaldmiðla geti verið miklar og svo hafi raunin verið allt frá stríðslokum. Raunar sé það svo að sveiflur í verðlagi vöru og gjaldmiðla hafi t.d. verið meiri á árinu 1983 en nú séu. Almennt séu skuldbindingar af þessum toga til langs tíma og aðstæður geti breyst og ekkert sem segi að núverandi ástand sé eilíft og að gengi íslensku krónunnar geti ekki styrkst þegar til lengri tíma sé litið. Í dæmaskyni megi nefna að á árunum 2001-2002 hafi gengi krónunnar fallið um 30% en krónan hafi síðan náð svo fullum styrk ári síðar.

Þá sé einnig til þess að líta að almannavaldið hafi þegar tekið á þessum atriðum með lagasetningu. Hér megi nefna lög nr. 24/2009 um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (greiðsluaðlögun), lög nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði og lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Þá hafi verið gert sérstakt samkomulag við félög sem sinna

samsvarandi starfsemi og stefnandi hafi með höndum um að létta greiðslur þeirra er hafi tekið lán í erlendri mynt. Stefnandi heldur því fram að stefndi verði að láta reyna á úrræði samkvæmt framangreindum lögum en í greinargerð hans sé aðstæðum hans þannig lýst að hann falli undir ákvæði þeirra laga með sín fjárhagslegu vandamál. Loks vísar stefnandi til þeirrar meginreglu að samninga skuli efna.

III

Stefnandi og stefndi, Jóhann Rafn, deila um hvort svokölluð gengistrygging samkvæmt samningi þeirra frá 8. maí 2006 sé andstæð 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt samningnum lánaði stefnandi stefnda fé til kaupa á bifreið. Í samningnum segir að þeir geri með sér kaupleigusamning. Stefnandi lagði fram kaupverð bifreiðarinnar en bifreiðin var eign stefnanda á meðan stefndi innti afborganir af hendi. Við greiðslu síðustu greiðslu eða eftirstöðva skyldu stefnandi gefa út afsal til stefnda. Þótt samningurinn fjalli um leigu bifreiðar, leigutíma og leigugreiðslur þá er um lánasamning að ræða sem fellur undir lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. gr. þeirra.

Lög nr. 38/2001 taka til hvers konar endurgjalds sem tekið er fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, sbr. 1. gr. þeirra. Á það því einnig við um samninga sem eru gengistryggðir eða þar sem lánsfjárhæðir eða afborganir taka breytingum í samræmi við breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla. Ef lán er veitt í íslenskum krónum verður það samkvæmt 13. gr. laganna ekki verðtryggt með öðrum hætti en með vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna. Þó er sú undantekning gerð í 2. mgr. 14. gr. að heimilt er að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi. Þessi ákvæði eru ófrávikjanleg samkvæmt efni sínu og 2. gr. laganna.

Lögmæti tengingar í lánasamningi aðila við gengi erlendra gjaldmiðla eða „myntkölfu“ veltur á því hvort lán hafi verið veitt í íslenskum krónum og ef svo er hvort viðmiðun við erlenda gjaldmiðla teljist vera „verðtrygging“ í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001.

Stefnandi heldur því fram að með kaupleigusamningnum hafi hann lánað stefnda „erlent fé með svonefndri myntkölfu“, eins og segir í sókn stefnanda. Því til stuðnings vísar hann til ákvæða samningsins um gengistryggingu, eigin yfirlits um gjaldeyrismillifærslur og innheimtuseðla sem hann hefur lagt fram. Við mat á því hvort um lán í erlendri mynt hafi verið að ræða verður einungis horft til samnings aðila enda getur niðurstaðan ekki ráðist af því hvort stefnandi hafi fjármagnað lánafyrirgreiðslu sína á innlendum eða erlendum lánsfjármarkaði.

Stefnandi er sérfróður um lánaviðskipti og ber hallann af óskýrleika samningsins. Hann ber þannig, gegn andmælum stefnda, sönnunarbyrði fyrir því að lán hafi verið veitt í erlendum gjaldmiðli. Það er niðurstaða dómsins að stefnandi hafi ekki sannað þá staðhæfingu. Samningur aðila er í íslenskum krónum. Kaupverð bifreiðarinnar er í íslenskum krónum og ekki verður annað ráðið af samningi aðila en að seljandi bifreiðarinnar hafi fengið greiðslu frá stefnanda í íslenskum krónum. Þá verður leiguverð innheimt í íslenskum krónum samkvæmt 7. gr. samningsins.

Samningurinn telst því vera í íslenskum krónum í skilningi 13. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Kemur þá til skoðunar hvort tenging samnings í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla teljist vera verðtrygging í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001, þ.e. 13. og 14. gr. þeirra, en ákvæðin eiga einungis við um skuldbindingar þar sem greiðslur skulu verðtryggðar. Í 13 gr. segir að með verðtryggingu sé átt við breytingu á hlutfalli við innlenda verðvísitölu og í 14. gr. er heimild til verðtryggingar afmörkuð við vísitölu neysluverðs. Verðtrygging samkvæmt VI. kafla er þó ekki alfarið bundin við vísitölur sem mæla breytingar á almennu verðlagi, þar sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 14. gr., að miða í lánasamningi við innlenda eða erlenda hlutabréfavísitölu eða safn slíkra vísitalna. Gefur sú heimild vísbendingu um að hugtakið „verðtrygging“ í VI. kafla skuli ekki sæta þröngri túlkun.

Vaxtalög nr. 25/1987, sbr. lög nr. 13/1995, sem féllu úr gildi með gildistöku laga nr. 38/2001, höfðu að geyma rýmri ákvæði um verðtryggingu skuldbindinga. Samkvæmt 20. gr. þeirra laga giltu ákvæði V. kafla laganna um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár „... um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem áskilið er að greiðslurnar skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr.“ Það var skilyrði verðtryggingar samkvæmt 21. gr. laganna að grundvöllur hennar væri annað hvort vísitala neysluverðs eða „vísitala gengis á erlendum gjaldmiðli eða samsettum gjaldmiðlum sem Seðlabanki Íslands reiknar og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði.“

Viðskiptaráðherra skipaði árið 2000 nefnd til að endurskoða vaxtalög nr. 25/1987 og lagði fram frumvarp á 126. löggjafarþingi sem varð að lögum nr. 38/2001. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir: „Þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði á verðtryggingarkafla vaxtalaga eru eftir farandi: Heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru felldar niður ...“ Í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins segir: „Í 1. mgr. er lagt til að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður ...“ Um 13. og 14. gr. segir: „Samkvæmt 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Er talið rétt að taka af allan vafa þar að lútandi“. Sami skilningur kom fram í umræðum á Alþingi um málið og engar breytingar voru gerðar á fyrrnefndum ákvæðum frumvarpsins í meðförum Alþingis.

Samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987, sbr. lög nr. 13/1995, náði „verðtrygging“ einnig til tengingar við erlenda gjaldmiðla. Núgildandi vaxtalögum var ekki ætlað að þrængja það hugtak og auka heimildir til tengingar við erlenda gjaldmiðla. Lögunum var þvert á móti ætlað að útiloka að skuldbindingar í íslenskum krónum væru tengdar erlendum gjaldmiðlum. Tenging skuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla telst því verðtrygging í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001. Enda þótt lögin kveði ekki beinlínis á um bann við því að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla þá þykir samkvæmt framanrituðu sýnt að með þeim hafi verið felld úr gildi heimild til að tengja skuldbindingar í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla. Óhjákvæmilegt er að líta til vilja löggjafans við túlkun laganna. Grundvöllur verðtryggingar samkvæmt samningi aðila, þ.e. ákvæði 4. og 7. gr. samningsins um gengistryggingu, er því í andstöðu við VI. kafla laga

38/2001 og því ógild. Skiptir þá hvorki máli hvort eftirlitsaðilar, eins og Seðlabanki og Fjármálaeftirlit, hafi vitað af samningunum og ekki gert athugasemdir né lögbundin úrræði eða samkomulag stjórnvalda við fjármálafyrirtæki til létta greiðslubyrði fólks í svipaðri stöðu og stefndi, eins og stefnandi byggir á. Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.

Dómkröfur stefnanda og allur málatilbúnaður hans er byggður á þeirri forsendu að samningur aðila sé að öllu leyti gildur. Í skriflegri sókn er ekki gerð varakrafa til lækunar ef fallist yrði á málsástæður stefnda. Þá hafa heldur ekki verið færð sérstök rök fyrir því að stefndi, Jóhann Rafn, sé enn í skuld við stefnanda verði fallist á málsástæður stefnda og hvernig fjárhæð hennar yrði reiknuð út. Þá hefur stefnandi heldur ekki mótmælt þeirri staðhæfingu stefnda að sá kostnaður sem stefndi er krafinn um sé að mestu leyti tilkominn vegna gengisbreytinga. Samkvæmt öllu framanrituðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Í samræmi við niðurstöðu málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefnda, Jóhanni Rafni Heiðarssyni, 270.000 krónur í málskostnað.

Áslaug Björgvinsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Jóhann Rafn Heiðarsson og Trausti Snær Friðriksson, eru sýkn af kröfum stefnanda, Lýsingar hf. í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, Jóhanni Rafni Heiðarssyni, 270.000 krónur í málskostnað.

Áslaug Björgvinsdóttir.